



Fréttatilkynning

13 January 2022 18:24:00 GMT

Arion Banki: Arion banki lýkur útgáfu á grænum skuldabréfum

Arion banki lauk í dag útbóði á nýjum grænum skuldabréfaflokki ARION 24 1020 GB. 17 tilboð að fjárhæð 6.620 m.kr. að nafnverði barst í flokkinn ARION 24 1020 GB á álagi á bilinu 0,58% - 0,80%. Tilboðum að nafnverði samtals 6.020 m.kr. á REIBOR + 0,70% álag voru samþykkt.

Skuldabréfin eru til 2,75 ára og bera fljótandi óverðtryggða vexti 3M REIBOR + 0,70% álag. Skuldabréfin eru með vaxtagreiðslum á þriggja mánaða fresti og einni endurgreiðslu höfuðstóls á lokagjalddaga árið 2024.

Í samræmi við útbóðstilkynningu bauðst Arion banki til að kaupa til baka ARION CB 22 gegn sölu í útbóðinu á fyrirframákveðna verðinu 102,187. Niðurstaða skiptiútbóðs leiðir til þess að Arion banki kaupir 1.320 m.kr. að nafnverði í flokknum ARION CB 22.

Skuldabréfin eru gefin út undir grænni fjármálaumgjörð bankans. Í umgjörðinni er með skýrum og gegnsæjum hætti gerð grein fyrir þeim skilyrðum sem lánveitingar bankans þurfa að uppfylla til að teljast umhverfisvænar.

Frekari upplýsingar má nálgast hér: <https://wwwv2.arionbanki.is/bankinn/fjarfestatengsl/skuldabrefafjarfestar/graen-skuldabref/>

Stefnt er að töku skuldabréfanna til viðskipti í Nasdaq Iceland þann 20. janúar 2022. Umsjónaraðili útbóðsins var Verðbréfamiðlun Arion banka.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Eiríks Magnúsar Jenssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jensson@arionbanki.is, s. 856 7468 eða Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760

Viðhengi

[Arion Banki: Arion banki lýkur útgáfu á grænum skuldabréfum](#)